

**Mál nr. 214/2009**  
**Vátryggingataki (M) og**  
**Vátryggingafélag (V) v. Húftryggingar báts (A)**

**Bátur varð fyrir tjóni þegar bátur sem lá við hlið hans sökk þ. 7.3.2009.**

**Gögn.**

1. Málskot móttengið þ. 15.6.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3.

**Málsatvik.**

Báturinn A var bundin við bryggju á Ísafirði og við hlið A var bátur sem sökk og dró hann A niður og var skorið á landfestar bátsins sem sökk og við það réttist A við og var dreginn að bryggju annarsstaðar í höfninni og dælt var upp úr bátnum og gengið var úr skugga um að ekki væri leki á bátnum. M krefst bóta vegna tjóns á A úr húftryggingu sinni hjá V og telur sig hafa keypt tryggingu fyrir því tjóni sem báturinn verði fyrir eða kunni að valda. V hafnar bótaskyldu og segir tjónið ekki falla undir vátrygginguna og vísar í því sambandi í vátryggingaskilmála þar sem segir að félagið bæti, algert tjón, kostnað við björgun og aðrar ráðstafanir til varnar tjóni og þáttöku í sameiginlegu sjótjóni. V segir að M geri kröfu til bóta vegna þess að A og báturinn sem sök hafi slegist saman og báturinn orðið fyrir tjóni en ekki alþjóni og því ekki um bótaskyldu V að ræða.

**Álit.**

Hvorki hefur verið sýnt fram á né verður séð að tjón það sem varð á A í umætt sinn sé bótaskyld miðað við ákævdí vátryggingaskilmála. M á því ekki rétt á bótum úr húftryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu A hjá V.

Reykjavík 21.7.2009.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.